

## Dagskrá Iðunnar vorið 2019

### Kvæðalagaæfingar

miðvikud. 3. apríl kl. 19

laugard. 11. maí kl. 14

### Félagsfundir

föstud. 5. apríl kl. 20

föstud. 10. maí kl. 20

### Söngvökur

þriðjud. 9. apríl kl. 19:30

þriðjud. 14. maí kl. 19:30

Vakin er athygli á því að í maí verður kvæðalagaæfingin ekki á miðvikudegi heldur laugardegi, þann 11. og verður fyrir börn og þá sem hafa gaman af að kveða og syngja með börnum.

Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í **Gerðubergi**.

**Söngvökur** eru haldnar í Gröndalshúsi á horninu á Fischersundi og Mjóstræti í Reykjavík. Umsjónarmenn eru Chris Foster og Linus Orri Gunnarsson Cederborg.

**Þjóðlagasamspil** er vikulega á fimmtudagskvöldum kl. 20 – 23 á Bar Ananas á horninu á Grettisgötu og Klapparstíg. Þar geta menn komið og kveðið og sungið.

**Heiðmerkurgleði** Iðunnar verður 15. júní.

**Vaka þjóðlistahátíð** verður í Reykjavík 31. maí–2. júní í Dósaverksmiðunni í Borgartúni 1.

**Þjóðlagahátíðin á Siglufirði** 2019 verður haldin 3. – 7. júlí.

**Haustferðin** verður að þessu sinni farin 31. ágúst, að öllum lík-indum norður í Húnaþing.



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

133. tölublað – 40. árgangur  
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Apríl 2019  
Ábm: Bára Grímsdóttir

### Landsmót *Stemmu* – Landsamtaka kvæðamanna

*Hótel Natur*


Svalbarðstrandarhreppi

25. – 28. apríl 2019

### *Deiglan Akureyri*

25. apríl, sumardagurinn fyrsti:

**Kl. 20-21:30 - Tónleikar norskra  
og íslenskra kvæðamanna**



### *Hótel Natur*

26. apríl, föstudagur:

Kl. 16-17 - Kvæðamenn kveða

Kvöldverðartilboð: lasagna, brauð og salat 2.500 kr (ekki innifalið)

Kl. 20-21:30 - **Tónleikar norskra og íslenskra kvæðamanna**

27. apríl, laugardagur:

### **A Undirstöðunámskeið í bragfræði rímna**

Kl. 10-12 og 13-15 Kennari: Björn Ingólfsson

### **B Kvæðalög afkomenda Bólu-Hjálmars og norsk kvæðalög**

Kl. 10-12 og 13-15 Kennarar: Sigrid frá Senja, Anna Halldóra og Kristín Sigtryggsdætur

### **C Tvísöngvar** Kl. 15-17 Kennari: Guðrún Ingimundardóttir

Hádegismatur: Matarmikil fiskisúpa, með brauði og salati

Síðdegiskaffi: Smurt brauð og bakkelsi

### **Kvöldvaka:** Kl. 20-23

Hátíðarkvöldverður (lambkjöt með rótarávöxtum og eftirréttur) með íslenskri kveðandi þar sem m.a. vísur námskeiðanna verða kveðnar.

28. apríl, sunnudagur: Kl. 10-12 Aðalfundur Stemmu.

Hádegismatur: (lax/silungur) og kveðjustund.

Tilkynna þarf fæðuofnæmi eða séróskir um mat við skráningu.

Gisting með morgunverði á Hótel Natur í 2 nætur: 2ja manna herbergi 16.000 kr. á mann, einstaklingsherbergi 20.000 kr. Ef fólk vill leggja af stað á fimmtudegi ætla vinir okkar í Gefjuni að bjóða upp á heimgistingu.

Þátttökugjald er 11.000 kr. og greiðist við skráningu hjá **Þuríði: turgud@gmail.com** eða **849-3334**. **Vinsamlega leggið inn á reikning Iðunnar: 0301-13-304931, kt. 560471-0179 og sendið tölvu-póst til Þuríðar til staðfestingar. Innifalið í þátttökugjaldi eru nefndar máltíðir á laugardegi og sunnudegi.** Iðunnarfélagar geta reiknað með að þátttökugjald verði greitt niður um 5.000 kr.

Ferðatilhögun: Smárúta eða einkabílar, ferðakostnaður verður niðurgreiddur af félaginu.

Lokadagur skráningar er **12. apríl.**

---

### **Formaður vísnanefndar svarar ritstjórn:**

Vísna- skal ég skrapa saman -skemmtiefni.  
Bögum má í blaðið tylla  
berar eyður til að fylla

*Helgi Zimsen*

### **Vetrarforðabúrið**

Sumarþjála sólin hlý  
sindri málar kinnar,  
lætur strjálást ljósbráð í  
lindir sálarinnar.

Ríkir vetrar niðdimm nótt,  
nábleik stráin titra.  
Töfrum skartar húmið hljótt  
himins stjörnur glitra.  
*Ingólfur Ómar Ármannsson*

Þegar norðan kylja köld  
klakaskorður herðir,  
sálarforðans sólskinsvöld  
sveipa orð og gerðir.

*Sigmundur Benediktsson*

### **Framtíðarsýn**

Inn í vorið fer ég fetið,  
í fitunni ég rorra,  
því svo mikið ég hef étið  
á jólum bæði og þorra.

*Þórarinn Már Baldursson*

Áður leiðaköstum kveið  
kvíða spennir sálar stríð.  
Bráðum greiðist lífsins leið  
líður senn að betri tíð.

Góða felldi fleyga bráð  
fiðrað gullið sótti á mið;  
bjóða hrelling höglin stráð  
hryðjur skullu fugls á kvið.

Þungan bar minn fiðurfeng  
föngin seims ná losa þröng;  
drunginn farinn – glaður geng  
göngu heim – í dýrðarsöng.

*Steindór Andersen*

### **Hlaup**

Ennþá lækkar okkar kaup.  
Alkunn saga.  
Framámenn með rövl og raup  
reka í haga.  
Aðrir stunda aprílhlaup  
alla daga.

*Þorvaldur Þorvaldsson*

Kyrjum óðinn kát og rjóð,  
kveðum sjóðinn bjarta.  
Styrkjum ljóðin stefjafróð  
stillt við þjóðar hjarta.

*Sigmundur Benediktsson*

Núna yfir andans hellist algert myrkur.  
Óðarbankinn ekki virkur.

Kveð nú niður vondu vofu,  
vísnastrugga.

Vísu litla verð að brugga.

Þegar eymdin yfir leggst allt  
andansfjosið  
er afhending einmitt ljósið.

*Halldóra Traustadóttir*

Lífið helvísk hörmung er  
í hríð og kuldatrekki.  
Eftir vandan vetur hér  
vorið kemur ekki.

*Jón Ingvar Jónsson*

Til að lokka ljóðadís, þá ljúfu skvísu  
ætla ég að yrkja vísu –  
yfirstíga hverja krísu.

*Ragnar Ingi Aðalsteinsson*

### **Drykkjuvenjur**

Ég kaffi drekk líkt og mig lystir  
en líkjör þá sjaldan mig þyrstir  
í sól vil ég þjóra  
þrjá fjóra þjóra  
en freyðivín þegar hann frystir.

*Sigurlín Hermannadóttir*